



Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
nefndasvid@althingi.is

Kópavogi 19. maí 2023

Efni: Frumvarp til laga um uppbygginu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð, mál 941

Öryggisnefnd félags íslenskra atvinnuflugmanna (ÖFÍA) hefur borist beiðni um umsögn um frumvarp til laga um uppbygginu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð.

Almennt:

ÖFÍA fagnar því að skilningur sé á því að nauðsynleg sé að byggja upp flugvelli innanlands svo þeir geti uppfyllt þá kröfu að vera fullnægjandi varaflugvelli fyrir Keflavíkurflugvöll því það er mál sem ÖFÍA hefur barist fyrir í áraraðir. Uppbygging er þegar hafin á Akureyrarflugvelli með stækkun flughlaðsins en frekari betrubætur eru þó nauðsynlegar á flugvöllum landsins.

Allar flugvélar í millilandaflugi sem koma til Keflavíkur þurfa að hafa nothæfan varaflugvöll hvort sem hann er á Íslandi eða annars staðar. Það að hafa varaflugvöll á Íslandi minnkar það eldsneyti sem þarf að bera og sparar því eyðslu flugvéla auk þess sem útblástur minnkar. Núverandi flugvellir geta sinnt hlutverki varaflugvallar en þó að takmörkuðu leyti en skemmst er að minnast atviks sem átti sér stað í apríl 2018 þegar Keflavíkurflugvöllur lokaðist skyndilega og sex vélar Icelandair þurftu frá að hverfa. Tvær þeirra lentu á Akureyri en fjórar á Egilsstöðum. Það var lán að ekki þurftu fleiri vélar að hverfa frá því ekki var pláss fyrir fleiri vélar á umræddum flugvöllum. Það tók 28 mínútur frá því að aðflug var hafið fyrir fjórar vélar að lenda á Egilsstöðum því sá flugvöllur er í óstjórnunni loftrými og ekki hægt að hefja aðflug fyrr en vélin á undan var lent. Eldsneyti á þeim vélum sem þurftu að bíða eftir aðflugsheimild var orðið óþægilega lítið þó svo að neyðarástand hafi ekki skapast. Íslensk flugfélög sem nota Keflavíkurflugvöll eru með yfir 60 flugvélar í rekstri.

ÖFÍA gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Í frumvarpinu er almennt talað um varaflugvelli á Íslandi en í greinargerð sem fylgir frumvarpinu eru einungis tilgreindir flugvellirnir á Akureyri og Egilsstöðum. ÖFÍA bendir á að Reykjavíkurflugvöllur er mikilvægur flugvöllur fyrir Keflavík og sá varaflugvöllur sem hefur pláss fyrir fleiri flugvélar en Akureyri og Egilsstaðir til samans. Þó að Keflavíkurflugvöllur og Reykjavíkurflugvöllur séu báðir á Suðvesturlandi og á sama veðurspásvæði þá er veðurfar á þeim ólíkt og oft komið upp sú staða að þó annar þeirra sé lokaður þá er hinn opinn. Reykjavíkurflugvöllur er sá flugvöllur af þessum þremur sem oftast er notaður sem varaflugvöllur og þá sérstaklega á góðviðrisdögum. Í því sambandi má benda á að



Keflavíkurflugvöllur lokast ekki endilega vegna veðurs. Bara á síðasta ári lokaðist hann í tvígang vegna sprengjuhótunar auk þess sem hann hefur lokast vegna flugatvika, bilaðra tækja á flugbrautum ofl. Reykjavíkurflugvöllur er því mikilvægur varaflugvöllur og nauðsynlegt að rekstrarhæfi hans verði ekki skert.

6. grein Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar:

Í frumvarpnu kemur fram að ráðherra skuli skipa fimm fulltrúa í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar. ÖFÍA gerir athugasemd við að í nefndinni sé ekki gert ráð fyrir einstaklingi með flugtæknilega menntun og reynslu né einstaklingi sem hefur sérfræðilega menntun í því veðurfari sem einkennir Keflavíkurflugvöll. Samkvæmt núgildandi áformum um stækkun Keflavíkurflugvallar er gert ráð fyrir því að hægt sé að bæta við flugbraut í Keflavík. Þar er gert ráð fyrir að ný flugbraut hafi stefnu norður-suður samhliða núverandi braut sem er þvert á þær ráðleggingar sem ÖFÍA hefur lagt til og byggir það á reynslu flugmanna og gögnum frá Veðurstofu Íslands. Samkvæmt þeim gögnum eru sterkustu vindáttir í Keflavík suðaustan og suðvestanráttir og því væri hentugast að ný flugbraut taki mið af því.

8. gr. Varaflugvallargjald:

Markmið og stefna ÖFÍA er flugöryggi og uppbygging varaflugvalla eitt af því sem skiptir nefndina máli. Hvernig flugvellir eru fjármagnaðir er ekki stefnumál ÖFÍA og vill ÖFÍA því lýsa yfir ákveðnu hlutleysi í því máli. Vert er þó að benda á eftirfarandi:

Varaflugvöllur er ekki til sem sérstakur flugvöllur. Engin þjóð byggir flugvöll einungis með því markmiði að vera varaflugvöllur. Varaflugvöllur er einfaldlega flugvöllur í rekstri sem nýtist til landingar ef beina þarf flugvél frá upphaflegum áfangastað. Alls staðar eru flugvellir sem nýta má sem varaflugvelli. Þó að einhver ákveðinn flugvöllur sé tilgreindur í flugáætlun sem varaflugvöllur þá er áhöfn heimilt að beina fluginu á hvern þann flugvöll sem hentar hverju sinni. Á það sérstaklega við í flugi yfir Evrópu og BNA þar sem þétttriðið net flugvalla er til staðar. Allt venjulegir áætlunarflugvellir. Því má segja að varaflugvöllur er hugtak fremur en sérstök gerð flugvallar.

Eins og sagði í inngangi þá þurfa allar flugvélar í millilandaflugi til Keflavíkur að hafa tilgreindan varaflugvöll. Því finnst ÖFÍA það skjóta skökku við að einungis sé tekið gjald af farþegum í farþegaflugi en ekki af flugvélum sem bera frakt eða annan varning, ferjuflugvélar, flugvélar í flugprófunum, herflugvélar ofl. Flugfarþegar eru því látnir bera gjald fyrir þjónustu sem mun fleiri flugvélar nota. Þetta skekkir samkeppnisstöðu flugfélaga sem nýta sér Keflavíkurflugvöll sem tengistöð farþega yfir Norður-Atlantshaf gagnvart þeim flugfélögum sem fljúga beint yfir hafið. Á það má benda að rekstrarmódel íslensku flugfélaganna sem eru að nota minni flugvélar með millilendingu í Keflavík er hagkvæmara og stuðlar að minni útblástursmengun heldur en stórar breiðþotur sem fljúga beint á milli.



Varaflugvallagjaldið leggst ofan á gjald fyrir flugmiða og rennur í ríkissjóð. Ekki er tilgreint í lögunum að það skuli renna alfarið til uppbygginga flugvalla. Því má með sanni segja að um sé að ræða skatt en ekki gjald fyrir veitta þjónustu.

Keflavíkurflugvöllur er mikilvægur varaflugvöllur fyrir þær flugvélar sem fljúga yfir Norður-Atlantshaf og oft lenda þar flugvélar vegna veikinda farþega eða bilunar. Ekki er ráðgert að leggja gjald á slíkar komur. Flugvélar sem fljúga um íslenskt flugstjórnarsvæði og nota Keflavík sem varaflugvöll greiða yfirflugsgjöld. Ekki er gert ráð fyrir því að taka varaflugvallagjald af þeim flugum enda hvergi gert í heiminum.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Jón H. Jónsson', is written over a horizontal line.

Jón Hörður Jónsson

Formaður ÖFÍA